



F U N D A R G E R ð

Stjórnarfundur í Sorpurðun Vesturlands hf. haldinn 15. mars 2021 kl. 16:15 í gegnum fjarfundabúnað

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Karitas Jónsdóttir, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Finnbogi Leifsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Unnur Þóra Sigurðardóttir og Sævar Jónsson. Auk þess sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri, sem auk þess ritarði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar 16. nóvember 2020.

Lögð fram og samþykkt.

2. Fundargerð eigendafundar 2. febrúar og 21. feb. 2021

Lagðar fram.

3. Ársreikningur ársins 2020 og grænt bókhald

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningi og grænu bókhaldi. Alls voru 16.094 tonn af úrgangi í Fíflholtum á árinu 2020. Timburflis, sem notuð er til yfirlags í urðunarreinum 3.650 tonn. Stjórn leggur til við aðalfund að greiddur sé 27% arður til eigenda. Ársreikningur og grænt bókhald samþykkt samhljóða.

4. Aðalfundardagur.

24. mars 2021.

Samþykkt

5. Framkvæmdir í Fíflholtum

a. Sigvatnskerfi.

Framkvæmdastjóri greindi frá hönnun á sigvatnskerfi og framkvæmdum sem munu hefjast á næstu dögum.

b. Nýr troðari

Kominn til landsins og væntanlegur til Fíflholta á næstu dögum.

c. Almenn

Framkvæmdastjóri nefndi endurnýjun tækja sem notuð eru í daglegum rekstri. Betri eftirfylgni með kyndli, einkum til að að tæma kyndilpotta uns sjálfvirk lausn er verður virk. Nýlega var vigtarskúr og starfsmannaaðstaða málað að innan.

6. Matsáætlun

Staða / sein afgreiðsla Skipulagsstofnunar.

Ítrekun var send á Skipulagsstofnun þann 2. mars sl. um afgreiðslu matsáætlunar. Svar barst þann 12. mars sl. um að ekki næðist að afgreiða álitid fyrir stjórnarfundinn en vinnan væri á lokametrunum. (sbr.

tölvupóstur frá Skipulagsstofnun) Stjórn lýsir yfir vonbrigðum með langt afgreiðsluferli stofnunarinnar.

7. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

- a. Umsögn um drög að stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Lögð fram.

8. Fundargerðir

Samráðsvettvangur SV-hornsins 17.feb.2021. Formaður fylgdi fundargerð eftir með umræðu um brennslumál.

9. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál í Fíflholtum.

10. Önnur mál.

- a. Veidarfæri, sjá mynd yfir flokkunarmöguleika og förgunarleiðir. Nokkuð er að koma inn til urðunar frá útgerðum gúmmí sem á að fara í endurvinnslu með hjólbörðum. Rætt um veiðarfæri og vanda Hafnanna í úrgerðarbæjum. Líkur eru á misbresti í flokkun.

b. Heimsókn frá Borgarbyggð.

Framkvæmdastjóri sagði frá heimsókn sveitarstjórnarfulltrúa Borgarbyggðar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.